

Fundir með starfs- mönnum kaupstaða

BH-Reykjavík. — Torfi Hjartarson ríkissáttasemjari kvað heldur rólegt í samningamálunum þessa dagana, þegar Tíminn ræddi við hann í gær. Skrifvélavirkjar eru enn í verkfalli, og næsti fundur með þeim er á miðvikudag. Á mánudag hefst samningafundur með starfsmönnum hinna ýmsu kaupstaða. Þá mæta fyrst samningsaðilar við Reykjavíkurborg, starfsmenn borgarinnar og Hjúkrunarfélagið. Þá mæta læknar og samningsaðilar þeirra einnig á mánudag.

Sporvagninn Girnd hlýtur góðar viðtökur

Í KVÖLD verður leikrit Tennessee Williams Sporvagninn Girnd sýnt í 10. sinn í Þjóðleikhúsinu. Sýningin hefur vakið mikla athygli, ekki síst fyrir ágæta leiktúlkun leikara í aðalhlutverkunum, en þeir eru: Þóra Friðriksdóttir, Erlingur Gíslason, Margrét Guðmundsdóttir og Róbert Arnfinnsson. Hafa gagnrýnendur dagblaðanna lokið lofsorði á leik þeirra, ekki síst Þóru Friðriksdóttur, sem þykir vinna umtalsverðan leiksigur í hlutverki Blanche DuBois. Sporvagninn er meðal kunnustu leikrita Tennessee Williams, samið 1947, og hefur allt síðan notið mikilla vinsælda. Leikstjóri Sporvagnsins er Gísli Alfreðsson.



Þóra og Erlingur í hlutverkum sínum.


Sýningum á „Fjölskyldunni“ að ljúka

AÐEINS örfáar sýningar eru nú eftir á „Fjölskyldunni“ í Iðnó. Verk þetta er eftir einn af kunnustu skáldum Finna af yngri kynslóðinni, Claes Anderson, sem jöfnum höndum hefur samið ljóð, sjónvarpsþætti og revíur.

Fjölskyldan hefur verið sýnd 35 sinnum, næsta sýning verður í dag. Verkið hefur hlotið góðar viðtökur áhorfenda, ekki hvað síst yngri kynslóðarinnar, sem hefur verið áberandi meðal leikhúsgesta. Leikstjóri sýningarinnar er Pétur Einarsson, leikendur eru alls sjö. Tónlistin í sýningunni í Iðnó er eftir Gunnar Þórðarson.



Helgi Skúlason í hlutverki heimilisföðurins.



Listamenn koma sýningargripum fyrir í sal Norræna hússins.

Tímamynd Gunnar

FÍM OPNAR SÝNINGU Í NORRÆNA HÚSINU OG Á 12 VINNUSTÖÐUM

JG—Reykjavík — Haustsýning Félags Ísl. myndlistarmanna stendur nú yfir. Um helgina opnar félagið sýningu í Norræna húsinu, en auk þess gengst stjórn og sýningarnefnd félagsins fyrir sýningum á vinnustöðum víðsvegar um borgina þann tíma, sem

haustsýningin stendur yfir.

Er þess vænt, að þessi nýbreytni stuðli að nánara sambandi við listunendur á þeim stöðum, sem sýningarnar eru. Vinnustabasýningarnar eru ekki opnar almenningi, einungis ætlaðar starfsfólki viðkomandi

stofnunar. Þeim hefur á flestum stöðunum verið komið upp í mat-sölum eða kaffistofum fyrirtækjanna. 1-4 listamenn (félagsmenn FIM) sýna á hverjum stað, teikningar, grafík, málverk, vefnað eða skulptúr. Starfsfólki fyrirtækjanna er boðið á haustsýningu

FÍM í Norræna húsinu, sem opnuð verður í dag og verður opin kl. 14-22 daglega til 30. nóvember. Þar verða sýnd alls 96 verk eftir 50 höfunda, þar af 29 félagsmenn og 21 utanfélagsmenn, 9 þeirra sýna nú í fyrsta skipti með félaginu.

Á sýningunni eru teikningar, grafík, collage, vatnslitamyndir, olíumálverk, vefnaður og skulptúr.

Barst sýningarnefnd mikill fjöldi verka, og er það úrval þeirra, sem sýnt er í Norræna húsinu. Engin höggmynd eða skulptúr barst frá utanfélagsmanni að þessu sinni.

Myndlistarsýningar eru á 12 vinnustöðum, en það eru Alþýðubankinn, Laugavegi 31, Búnaðarbanki Íslands Austurstr. og við Hlemm, Faxaskáli, Pósthússtræti og Sundaskáli Eimskipafélags Íslands, Íbnaðarbanki Íslands, Lækjarg., Kassagerð Reykjavíkur, Lögreglustöðin í Reykjavík, Menntamálaráðuneytið, Sjórnvarpið og Vélsmíðjan Héðinn.

Þarna sýna 33 félagar FÍM myndir sínar á kaffistofum starfsmanna.

Í sýningarnefnd FÍM eiga eftirtaldir sæti:

Ragnheiður Jónsdóttir Ream, formaður, Hallsteinn Sigurðsson, Hringur Jóhannesson, Hrólfur Sigurðsson, Sigurjón Ólafsson, Þorbjörg Höskuldsdóttir, Guðmundur Benediktsson og Leifur Breiðfjörð.


Í FÍM eru 78 félagsmenn.

Sýning í Fellahelli:

Skipulag Breiðholts í nútíð og framtíð

BH-Reykjavík. — Í Fellahelli í Reykjavík hefur verið opnuð sýning á vegum Þróunarstofnunar

Reykjavíkurborgar, og fjallar sýningin um skipulag Breiðholts-hverfisins í nútíð og framtíð.



Kristján Benediktsson borgarráðsmaður (fyrir miðri mynd), ásamt fleiri sýningargestum, virðir fyrir sér líkan að hluta Breiðholtshverfanna.

Skiptist sýningin í fimm aðal kafla. Yfirlit, Bakkahverfi (Breiðholt I), Seljahverfi (Breiðholt II), Fella- og Hólahverfi (Breiðholt III), og Verzlunar- og stofnanahverfi (Mjódd). Borgarstjóri, Birgir Ísleifur Gunnarsson, opnaði sýninguna við hátíðlega athöfn í gær, að viðstöddum borgarfulltrúum og fleiri gestum.

Í yfirliti sýningarinnar er gerð grein fyrir aðdraganda skipulagningar, sameiginlegum þörfum og þáttum í skipulagi alls borgarhlutans, og að lokum sameiginlegum ályktunum höfunda að fenginni reynslu.

Áætlað er, að sýningin standi í a.m.k. 2 vikur, en til þess, að ekki verði truflun á þeirri starfsemi, sem fram fer í Fellahelli, er sýningartími nokkuð breytilegur, og verður þannig á næstunni:

Sunnudagur	16.11.	13—22
Mánudagur	17.11.	17—22
Þriðjudagur	18.11.	13—18
Miðvikudagur	19.11.	17—22
Fimmtudagur	20.11.	13—22
Föstudagur	21.11.	13—17

Höfum tekið 45 milljón dollara lán erlendis

HÆSTA LÁN, SEM ÍSLENDINGAR

HAFNA TEKIÐ

Tryggt að hægt verður að standa við allar greiðsluskuldbindingar

OÓ—Reykjavík — Af hálfu Seðlabankans hefur verið gengið frá lánasamningi að upphæð 4.5 millj. dollara, eða rúmlega 7,5 milljarða króna. Samningurinn hefur þann tilgang að styrkja greiðslustöðu Íslands út á við, en lánsféð er ekki tekið til að fjármagna framkvæmdir eða koma í stað innlendra ráðstafana, er dragi úr innflutningi og greiðsluhalla við aðrar þjóðir. Er þetta hæsta lán, sem Íslendingar hafa tekið erlendis til þessa. Það sem næst kemur er lán, sem tekið var 1974 til framkvæmda við Sigölduvirkjun. Var það 30 millj. dollara.

Bankastjórnar Seðlabankans skýrðu frá lántökunni á blaðamannafundi í gær. Hafði Jóhannes Nordal orð fyrir þeim. Sagði hann, að gengið væri frá lánsamningnum á svokölluðum Evrópudollaramarkaði, og getur Seðlabankinn dregið út lánið, hvenær sem er á næstu þrem árum. Vextir verða breytilegir. Samningurinn er óvenjulegur að því leyti, að tilgangur hans er eingöngu að styrkja greiðslustöðu þjóðarþúsins út á við og tryggja, að hægt verði að standa við allar greiðsluskuldbindingar þess, þrátt fyrir tímabundna gjaldeyriserfiðleika. Í tilkynningu frá bankanum segir, að Seðlabankinn hljóti að setja það mark öllu ofar,

að Íslendingar geti ætíð staðið við skuldbindingar sínar út á við, en bregdist það, er hætt við, að þeir glati lánstrausti sínu, með alvarlegum afleiðingum fyrir afkomu almennings og efnalegar framfarir. Einnig er mikilvægt, að greiðslustaða þjóðarþúsins verði aldrei það þröng, að stjórnvöldum gefist ekki færi á að takast á við efnahagsvandann með skipulegum hætti, en neyðist í þess stað til að gripa til skyndiráðstafana.

Um lántökuna hafa séð þeir bankar, Citicorp International Bank Ltd., Kredietbank S.A. Luxembourg, Morgan Guaranty Trust Co. of New York. Alls eru 13 erlendir bankar aðilar að lánsamningnum.

Fram kom á fundinum, að þeir erlendu bankar, er að lánsamningnum standa, hafi með honum lýst trausti sínu á getu og vilja Íslendinga til þess að takast á við og leysa hinn mikla efnahagsvandann, sem nú stöðjar að. Er stuðningurinn veittur í trausti þess, að Íslensk stjórnvöld láti einskis ófrestað til þess að standa við þessar og aðrar skuldbindingar, sem Íslendingar hafa tekið á sig erlendis.

Í tilkynningu, sem bankastjórnin sendi frá sér af þessu tilefni, segir:

„Telur bankastjórnin rétt, að gera að þessu tilefni nokkra grein

fyrir skoðunum sínum á stöðunni í efnahagsmálum og stefnunni á næstunni.

Alvarlegasta hættan í þjóðarbúskap Íslendinga nú er tvímælaust hinn gífurlegi greiðsluhalli við útlönd og sívaxandi skuldaþyrdi, sem honum fylgir. Útlit er nú fyrir, að viðskiptahallinn verði í ár um 6000 milljónum meiri en við var búist fyrr á árinu, og gjaldeyrisstaðan er nú neikvæð um tæplega 3300 millj. kr. á núgildandi gengi. Þótt nokkurs bata sé að vænta síðustu tvo mánuði ársins, sést af þessu, að sá gjaldeyrissjóður, sem Seðlabankinn hefur yfir að ráða, byggist nú eingöngu á erlendum lánum, og þá fyrst og fremst hjá Alþjóðagjald-eyrissjóðnum. Þótt viðskiptahallinn við útlönd verði hlutfallslega nokkru minni á þessu ári en árið 1974, hefur batinn orðið miklu hægari en vonir stóðu til, þrátt fyrir um 17% lækkan almenns innflutnings. Orsakanna er fyrst og fremst að leita í minni útlutningstekjum vegna óhagstæðs verðlags og sölutregðu, en einnig hefur á það skort, að það aðhald næðist, sem að var stefnt í ríkis-útgjöldum, opinberum framkvæmdum og fjárfestingarlán-um. Óhagstæðar ytri aðstæður fá um við ekki við ráðið, og horfur um verðlag og eftirspurn eftir út-

flutningsvörum Íslendinga eru því miður enn tvisýnar. Svigrum- ið til þess að mæta frekari áföllum um skuldasöfnun er hins vegar á þrotum, og einskis má því láta ófrestað til að tryggja mjög mikla lækkan viðskiptahallans á næsta ári. Í yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar að undanfögnu hefur þessu verið lýst sem meginmarkmiði í stefnu hennar í efnahagsmálum á næstunni. Til að ná því markmiði, og draga samtímis verulega úr verðbólgunni, hefur ríkisstjórnin boðað öflugar aðgerðir í fjármálum ríkisins og aðhald í útlánum og útgjöldum til samneyzlu og fjárfestingar. Framkvæmd slíkrar stefnu krefst bæði almenns skilnings á eðli vandans og festu og aðhalds í stjórn efnahagsmála. Það er því mikilvægt, að allir þeir aðilar, sem ábyrgð bera á stjórn einstakra þátta efnahagsmála, leggist á eitt til að veita þessum aðgerðum brautargengi. Mun bankastjórn Seðlabankans stuðla að framgangi þessarar stefnu eftir mætti, en jafnframt vill hún af þessu tilefni benda á þau atriði hennar, sem hún telur skipta mestu máli.

Sá fjárhagsvandi, sem nú er brýnast að leysa, er hinn mikli halli, sem enn er á ríkisfjármálum. Frh. á bls. 6